Kaldvík hf.
Strandgötu 18
735 - Eskifjörður

Skoðunarskýrsla #6041
Reglubundin skoðun
FE-1138_BER-00032

Eftirlit framkvæmt 15/09/2026 og skýrsla send 06/10/2026
Svarthamarsvík

Samantekt

Eftirlitsmenn Matvælastofnunar, Magnús Ingi Jónsson og Nancy Rut Helgadóttir fóru í boðað reglubundið eftirlit með búnaði í sjókvíaeldi hjá Kaldvík að Svarthamarsvík, sem starfrækt er samkvæmt rekstrarleyfi nr. FE-1138, þann 15. september 2026.

Viðstaddir eftirlitið af hálfu eftirlitsþega var Arnór Magnússon svæðisstjóri ásamt öðrum í áhöfn Bessí.

Siglt var frá Djúpavogshöfn að eldissvæðinu Svarthamarsvík á þjónustubátnum Bessí sem eftirlitsþegi lagði til. Skoðaðar voru allar eldiskvíar ásamt pramma, sjáanlegir hlutir eldisbúnaðar, dauðfiskabúnaður og netpokar.

Niðurstöður skýrslunnar byggjast á þeim gögnum, upplýsingum og aðstæðum sem skoðuð voru við eftirlitið.

Eitt alvarlegt frávik er í skýrslunni.

Næsta reglubundna eftirlit með búnaði verður samkvæmt eftirlitsáætlun Matvælastofnunar

Alvarleg frávik	Úrbótafrestur
Sjókvíaeldi - Sjóneftirlit - Eldissvæði	02/12/2026

Viðstödd heimsókn	Kaldvík hf.	**Undirbúningur**	1 klst.
Kennitala viðtakenda	520412-0930	**Frágangur**	1 klst.
Skoðunarmaður	Magnús Ingi Jónsson	**Tímar við úttekt**	4 klst.
Tölvupóstur	mast@mast.is	**Akstur**	2 klst.

Alvarlegt frávik

Sjókvíaeldi - Sjóneftirlit
Eldissvæði

Frestur til úrbóta: 02/12/2026

Í 23. gr. reglugerðar um fiskeldi nr. 540/2020 kemur fram að "Gildi rekstrarleyfis til sjókvíaeldis skal háð því skilyrði að rekstrarleyfishafi skili inn stöðvarskírteini útgefnu af faggiltri skoðunarstofu fyrir hverja einstaka starfsstöð sem kveðið er á um í rekstrarleyfi."

Stöðvarskírteini fyrir Svarthamarsvík rann út í lok ágúst og því skráist alvarlegt frávik.

Lög um fiskeldi nr. 71/2008, lög um velferð dýra nr. 55/2013 og afleiddar reglugerðir.

Niðurlag

Þann 15/09/2026 fór fram reglubundin skoðun og var skýrsla send viðtakanda 06/10/2026. Gerðar eru kröfur um úrbætur á 1 skoðunaratriði, þar af 1 alvarlegt frávik og 0 frávik. Nema annað sé tekið fram þá er veittur frestur til næstu reglubundinnar skoðunar samkvæmt áhættumati. Úrbótum skal lokið eins fljótt og auðið er.

Sjókvíaeldi - Sjóneftirlit: 11 af 11 skoðunaratriðum voru yfirfarin. Þar af var 0 frávik og 1 alvarlegt frávik.

Nánari útlistun á skoðunaratriðum má finna í **eftirlitshandbókum** Matvælastofnunar.

Athugið að þessi skýrsla tekur til þeirra atriða sem tekið var eftir þann dag sem eftirlitið fór fram sem og fyrirliggjandi gagna úr öðru opinberu eftirliti. Veittur 14 daga frestur frá dagsetningu þessarar skýrslu til að koma á framfæri athugasemdum við innihald hennar. Athugasemdir berist skriflega sem bréf til Matvælastofnunar Austurvegi 64, 800 Selfossi eða með tölvupósti á mast@mast.is.

Um gjaldtöku fyrir eftirlit og aðra gjaldskylda starfsemi Matvælastofnunar s.s. útgáfu leyfa, vottorða, skráningar o.fl. fer skv. gjaldskrá nr. 392/2024. Krafa birtist í netbanka og reikningur er birtur á Ísland.is.

Lagagrunnur eftirlits

Eftirfarandi atriði voru skoðuð:

Sjókvíaeldi - Sjóneftirlit

- Rekstrarleyfi
- Bátar og flutningstæki
- Eldissvæði
- Viðbragðsáætlanir
- Dagbókarfærslur
- Dauðfiskur
- Merkingar sjókvíaeldisstöðva – kvía...
- Innra eftirlit
- Viðbragðsáætlun vegna stroks
- Eldisbúnaður
- Búnaður til að endurheimta fisk